

Ríkissaksóknari
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Reykjavík, 7. júlí
Mál nr. F7/2026

Eins og kunnugt er tók umboðsmaður fyrirsmáli ríkissaksóknara nr. 9/2017, um aðgang að gögnum sakamála sem er lokið, til athugunar á grundvelli frumkvæðisheimildar umboðsmanns, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, í frumkvæðismáli nr. F116/2022. Málinu lauk með bréfi til ríkissaksóknara og dómsmálaráðherra 9. febrúar 2024 þar sem umboðsmaður kom nokkrum ábendingum á framfæri við ríkissaksóknara. Í fyrsta lagi ábendingu um að taka framsetningu fyrirsmællanna til endurskoðunar að tilteknu leyti með vísan til þess að ekki yrði séð að 2. másl. 1. mgr. 1. gr. þeirra, um aðgang hvers þess sem sýnir fram á lögvarða hagsmuni að umræddum gögnum, gæti talist eiga sér stoð í 6. mgr. 15. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Í öðru lagi var þeirri ábendingu komið á framfæri við ríkissaksóknara að gæta þess að haga framkvæmd á grundvelli fyrirsmællanna þannig að hún feli í sér að úr hverju tilviki sem kemur til úrlausnar á grundvelli þeirra sé leyst atvikiþundið og þannig dregið úr hættu á því að gögnum sakamála, sem er lokið, verði miðlað til utanaðkomandi þannig að brjóti í bága við réttindi hins skráða í einstökum tilvikum. Í þriðja lagi var bent á að þau sjónarmið sem lýst er í lögskýringargögnum að baki 1. mgr. 11. gr. laga nr. 75/2019, um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, og varða rétt einstaklinga til verndar friðhelgi einkalífs krefjast þess að stjórnvöld leitist við að miðla ekki persónuupplýsingum, sem unnar hafa verið í löggæslutilgangi, umfram þau tilvik sem reglugerð nr. 577/2020, um skrár lögreglu og vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, lýsir nema í undantekningartilvikum.

Í framangreindu bréfi, var þess óskað að ríkissaksóknari og dómsmálaráðherra upplýstu umboðsmann um hvort þær ábendingar sem koma fram í bréfinu hefðu orðið tilefni til einhverra viðbragða af þeirra hálfu eigi síðar en 1. júní 2024. Af því tilefni upplýsti ríkissaksóknari umboðsmann 31. maí 2024 um að fyrirsmáli ríkissaksóknara nr. 9/2017 hefðu verið tekin til endurskoðunar. Við þá endurskoðun væri meðal annars litið til ábendinga umboðsmanns. Drög að nýjum fyrirsmælum/leiðbeiningum væru enn til vinnslu við embættið og yrðu send umboðsmanni um leið og þau lægju fyrir. Í svari dómsmálaráðuneytisins 10. október sama ár kom fram að ekki væri talið að ábendingarnar gæfu tilefni til tiltekinna viðbragða af hálfu ráðuneytisins.

Umboðsmanni hafa enn hvorki borist upplýsingar um að endurskoðun fyriræla ríkissaksóknara sé lokið né þá um stöðu þeirrar vinnu sem ríkissaksóknari lýsti í svari sínu í maí 2024. Þá hafa umboðsmanni á þeim tíma sem er liðinn borist ábendingar um að endurskoðun fyriræla sé enn ekki lokið og hafi það tafið afgreiðslu beiðna borgaranna um aðgang að gögnum á grundvelli fyriræla.

Af þessu tilefni er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ríkissaksóknari veiti umboðsmanni upplýsingar um hvað líði endurskoðun fyriræla ríkissaksóknara nr. 9/2017, um aðgang að gögnum sakamála sem er lokið. Sé henni enn ekki lokið er óskað upplýsinga um ástæður tafanna. Loks er þess óskað að ríkissaksóknari upplýsi hvort henni sé kunnugt um að beiðnir um aðgang að gögnum í sakamálum sem er lokið hafi tafist vegna þessa.

Þess er óskað að svör ríkissaksóknara berist eigi síðar en 11. ágúst nk.

Virðingarfyllt,
f.h. umboðsmanns Alþingis,



Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri frumkvæðismála og OPCAT